

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er héraðsskjalasafn Reykjavíkur og er rekstri þess hagað í samræmi við lög um Þjóðskjalasafn og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Borgarskjalasafn markar stefnu um meðferð og frágang skjala hjá borgarstofnunum og fyrirtækjum borgarinnar og hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra. Hlutverk Borgarskjalasafns er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda um starfsemi og sögu borgarinnar. Ennfremur að gera skjöl aðgengileg til notkunar fyrir fræðimenn, almenning og borgaryfirvöld. Safnið rannsakar og miðlar sögu Reykjavíkur, meðal annars með sýningum, útgáfum og fræðsluerindum og eflir þannig þekkingu á sögu borgarinnar.



Borgarskjalasafn Reykjavíkur var stofnað árið 1954 og er héraðsskjalasafn Reykvíkinga. Safnið varðveitir hátt í tíu þúsund hillumetra af skjölum, einkum frá stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar en einnig frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum.



Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411 6060 Fax: 411 6070
Netfang: borgarskjalasafn@reykjavik.is
Veffang: www.borgarskjalasafn.is
Sérvefur: www.bjarnibenediktsson.is

Afgreiðsla safnsins er á 3. hæð og er opin mánudaga til föstudaga kl. 10.00 til 16.00. Beinn sími afgreiðslu er 411 6050.

Útgefandi: Borgarskjalasafn Reykjavíkur 2009 • Umsjón: Svanhildur Bogadóttir og Bára Baldursdóttir • Hönnun og prentvinnsla: Oddi ehf. / P08.07.579

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðstöð heimilda um Reykjavík og Reykvíkinga




Arfur fortíðar
fjársjóður framtíðar



Hvers vegna eru skjöl varðveitt?

Skjöl eru geymd af margvíslegum ástæðum. Þau geta haft lagalegt, fjárhagslegt og sögulegt gildi og sýna oft hvaða ákvarðanir voru teknar, hvers vegna og hvernig staðið var að ákvarðanatöku. Skjöl hafa einnig að geyma upplýsingar um réttindi einstaklinga eða líf þeirra. Dæmi um það eru einkunnir, bekkjarskrár, skattframtöl og skjöl barnaverndaryfirvalda.



Hvað er að finna á safninu?

Safnið varðveitir skjöl frá öllum stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar. Jafnframt tekur safnið við skjölum fyrirtækja og byggðasamlaga í meiri hlutaeign borgarinnar og við skjölum einstaklinga, félaga og fyrirtækja í Reykjavík.

Skjöl safnsins eru ómetanlegar heimildir um sögu borgarinnar fyrir fræðimenn og almenning. Einnig hafa þau að geyma ýmsar upplýsingar um borgarbrúa, líf þeirra og störf, sem í mörgum tilfellum geta haft mikið gildi fyrir viðkomandi einstaklinga.



Borgarskjalasafnið varðveitir meðal annars:

- Bréfa- og málasöfn stofnana borgarinnar
- Skjöl um byggingar
- Skjöl um skipulagsmál
- Manntöl og íbúaskrár
- Einkunnir og bekkjarskrár
- Efnisflokkadur úrklippur
- Skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja

Afgreiðsla fyrirspurna

Hægt er að senda fyrirspurnir í tölvupósti, koma þeim símleiðis eða bréfleiðis til starfsmanna Borgarskjalasafns eða koma á staðinn. Á þriðju hæð safnsins er afgreiðsla og lesstofa þar sem safngestir geta skoðað skjöl í næði. Starfsmenn safnsins leiðbeina gestum og aðstoða við að finna þær upplýsingar eða skjöl sem leitað er eftir. Hægt er að fá afrit af skjölum gegn vægu gjaldi. Öllum er heimill aðgangur að safninu og er aðgangur að safninu ókeypis.



Aðgangur að skjölum á safninu er háður upplýsinga- og stjórnsýslulögum og/eða öðrum lögum sem gilda þar um. Nánari upplýsingar veita starfsmenn safnsins. Aðilar máls eiga rétt á að fá aðgang að eigin málum. Einkaaðilar sem afhenda skjöl sín til varðveislu á Borgarskjalasafn geta sett skilyrði um aðgang að þeim eða lokað þeim í ákveðinn tíma.



Einkaskjalasöfn til varðveislu

Auk skjala borgarstofnana varðveitir Borgarskjalasafn Reykjavíkur skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum í borginni. Þeir sem hafa undir höndum skjöl eða vita um skjöl sem ættu erindi á safnið eru hvattir til að hafa samband við starfsmenn Borgarskjalasafns.

Borgarskjalasafn sækist eftir að fá til varðveislu sendibréf, dagbækur, ljósmyndir, heimilisbókhald, póstkort, heillaóskakort, útprent af blogg færslum og tölvupóstum og hvaðeina sem varpað getur ljósi á líf fólks í borginni. Leitað er eftir fjölbreyttum skjölum einstaklinga jafnt yngri sem eldri. Félög og fyrirtæki afhenda oft fundargerðabækur, bréfasöfn, ljósmyndir, eigið kynningarefni og sjóðsbækur.



Borgarskjalasafnið tekur við skjölum frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum í Reykjavík til varðveislu. Vinsamlegast hafið samband við safnið ef þið vitið um skjöl sem gætu átt erindi á safnið.